

TILSKIPUN RÁÐSINS

frá 25. júlí 1978

um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi öikumannssæti í landbúnaðar-
dráttarvélum á hjólum

(78/764/EBE)

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu,
einkum 100. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins ⁽¹⁾,með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndar-
innar ⁽²⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Meðal tæknilegra krafna sem dráttarvélar verða að uppfylla
samkvæmt landslögum eru ákvæði er verða öikumannssæti.Þessar kröfur eru mismunandi frá einu aðildarríki til ann-
ars. Því er nauðsynlegt að öll aðildarríki samþykki sömu
kröfurnar, annaðhvort til viðbótar eða í stað gildandi reglna,
einkum til þess að EBE-gerðarviðurkenningin, sem var við-
fangsefni tilskipunar ráðsins 74/150/EBE frá 4. mars 1974
um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi gerðarvið-
urkenningu á landbúnaðardráttarvélum á hjólum ⁽³⁾, geti átt
við allar gerðir dráttarvéla.⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. C 299, 12. 12. 1977, bls. 61.⁽²⁾ Stjtið. EB nr. C 84, 8. 4. 1978, bls. 11.⁽³⁾ Stjtið. EB nr. L 84, 28. 3. 1974, bls. 10.Reglur sem snerta öikumannssæti ná ekki einungis yfir kröf-
ur um uppsetningu þeirra í dráttarvélum heldur einnig smíði
sætanna. Samræmd gerðarviðurkenning íhluta gerir hverju
aðildarríki kleift að hafa eftirlit með því að ákvæði varð-
andi sameiginlega smíði og prófunarkröfur séu haldin og
tilkynna hinum aðildarríkjunum um niðurstöður með því að
senda þeim afrit af gerðarviðurkenningarvottorði íhluta fyr-
ir hverja gerð af öikumannssæti sem það viðurkennir. EBE-
gerðarviðurkenningarmerki íhluta á öllum öikumannssætum
sem framleidd eru í samræmi við viðurkennda frumgerð
gerir tæknilegt eftirlit með þessum öikumannssætum óþarft
í öðrum aðildarríkjum.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

I. gr.

1. Aðildarríki skal veita öllum gerðum öikumannssæta
sem fullnægja kröfum um smíði og prófun og eru settar
fram í I. og II. viðauka hér á eftir, EBE-gerðarviðurkenningu
íhluta.2. Aðildarríki sem hefur veitt EBE-gerðarviðurkenningu
íhluta skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að sannprófa,
að svo miklu leyti sem nauðsyn krefur, í samvinnu við
lögbær yfirvöld í öðrum aðildarríkjum ef þess gerist þörf,

að framleidd eintök séu í samræmi við viðurkennda gerð. Slík sannprófun skal eingöngu felast í skyndikönnunum.

2. gr.

Aðildarríkin skulu, fyrir hverja gerð ökumannssæta sem þau viðurkenna samkvæmt 1. gr., gefa út handa framleiðanda dráttarvélarinnar eða viðurkenndum fulltrúa hans merki EBE-gerðarviðurkenningar íhluta sem samrýmist fyrirmyndinni sem er sýnd í lið 3.5 í II. viðauka hér á eftir.

Aðildarríkin skulu gera allar viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir notkun merkja sem geta valdið því að ökumannssætum sem hlotið hafa gerðarviðurkenningu íhluta samkvæmt 1. gr. og öðrum búnaði verði ruglað saman.

3. gr.

1. Aðildarríkjunum er óheimilt að banna markaðssetningu ökumannssæta á grundvelli smíði þeirra ef þau hafa merki EBE-gerðarviðurkenningar íhluta.

2. Þó er aðildarríki heimilt að banna markaðssetningu ökumannssæta sem hafa merki EBE-gerðarviðurkenningar íhluta ef ljóst verður að þau víki kerfisbundið frá viðurkenndri gerð.

Aðildarríkið skal þegar tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um ráðstafanirnar sem það hefur gert og tilgreina ástæður fyrir ákvörðun sinni.

4. gr.

Lögbær yfirvöld í hverju aðildarríki skulu innan eins mánaðar senda lögbærum yfirvöldum annarra aðildarríkja afrit af gerðarviðurkenningarvottorði íhluta, sem dæmi er gefið um í III. viðauka, fyrir hverja gerð ökumannssæta sem þau viðurkenna eða neita að viðurkenna.

5. gr.

1. Ef aðildarríki sem hefur veitt EBE-gerðarviðurkenningu íhluta kemst að raun um að ökumannssæti með eins EBE-gerðarviðurkenningarmerki íhluta samrýmist ekki þeirri gerð sem það viðurkenndi, skal það gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að framleidd eintök séu í samræmi við viðurkennda gerð. Lögbær yfirvöld þess ríkis skulu tilkynna lögbærum yfirvöldum í öðrum aðildarríkjum um ráðstafanir sem gripið hefur verið til og

geta, ef nauðsyn krefur, þar sem um er að ræða alvarlegan og endurtekinn skort á samræmi, leitt til afturköllunar á EBE-gerðarviðurkenningu. Umrædd yfirvöld skulu grípa til sams konar ráðstafana berist þeim tilkynning frá lögbærum yfirvöldum annars aðildarríkis um slíkan skort á samræmi.

2. Lögbær yfirvöld í aðildarríkjum skulu innan eins mánaðar tilkynna hvert öðru um sérhverja afturköllun á EBE-gerðarviðurkenningu íhluta og um ástæður sem að baki liggja.

6. gr.

Allar ákvarðanir teknar samkvæmt ákvæðum sem samþykkt eru til framkvæmdar ákvæðum þessarar tilskipunar og þar sem sýnað er um EBE-gerðarviðurkenningu íhluta fyrir ökumannssæti eða hún dregin til baka, eða markaðssetning á slíkum sætum eða notkun bönnuð, skal rökstyðja ítarlega. Ákvörðun skal tilkynnt hlutaðeigandi aðila og um leið skulu honum kynnt þau lagaúrræði sem hann getur nýtt sér samkvæmt gildandi lögum í aðildarríkjunum og sá frestur sem hann hefur til þess.

7. gr.

Aðildarríkjum er óheimilt að neita að veita dráttarvél EBE-gerðarviðurkenningu eða innlenda gerðarviðurkenningu af ástæðum sem snerta ökumannssæti ef það er með EBE-gerðarviðurkenningarmerki íhluta og er komið fyrir í samræmi við þær kröfur sem settar eru í IV. viðauka.

8. gr.

Aðildarríkjum er óheimilt að neita að skrá eða banna sölu dráttarvélar eða að hún sé tekin í notkun eða notuð, af ástæðum sem tengjast ökumannssæti ef það er með EBE-viðurkenningarmerki íhluta og því komið fyrir í samræmi við kröfurnar í IV. viðauka.

9. gr.

1. Með „landbúnaðardráttarvél“ er átt við vélknúid ökutæki á hjólum eða beltum, sem hefur að minnsta kosti tvo ása og er notagildi þess aðallega fólgið í dráttaraflinu þar sem það er sérstaklega hannað til þess að draga, ýta, flytja eða knýja ákveðnar vélar, verkfæri eða eftirvagna til notkunar í landbúnaði. Það getur verið útbúið fyrir farm- og fólksflutninga.

2. Tilskipun þessi gildir eingöngu um dráttarvélar sem skilgreindar eru í 1. málsgrein og hafa loftfyllta hjólbarða, tvo ása og eru hannaðar fyrir hámarkshraða á bilinu 6 til 25 km/klst.

10. gr.

Allar breytingar sem nauðsynlegar eru til þess að laga kröfur viðauka þessarar tilskipunar að tækniframförum skal samþykka samkvæmt þeirri málsmeðferð sem mælt er fyrir um í 13. gr. tilskipunar 74/150/EBE.

11. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykka nauðsynleg ákvæði til að fara að tilskipun þessari innan átján mánaða frá birtingu hennar og tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.
2. Aðildarríkin skulu tryggja að framkvæmdastjórninni berist helstu ákvæði úr landslögum sem samþykkt verða um

málefni sem tilskipun þessi nær til.

12. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 25. júlí 1978.

Fyrir hönd ráðsins,

K. von DOHNANYI

forseti.

I. VIDAUKI

SKILGREININGAR

1. Ökumannssæti

Með „ökumannssæti“ er átt við sæti sem einungis er ætlað fyrir eina manneskju og ökumaður notar þegar hann ekur dráttarvélinni.

2. Sætisýfirborð

Með „sætisýfirborði“ er átt við þann hluta sætisins sem er næstum því láréttur og ökumaður situr á.

3. Bakstoð

Með „bakstoð“ er átt við þann hluta sætisins sem er næstum því lóðréttur og styður við bak ökumanns í sætinu.

4. Hliðarstuðningur sætis

Með „hliðarstuðningi sætis“ er átt við búnað eða lögum sætisyfirborðs sem hindrar að ökumaður renni til hliðar.

4.1. Sætisarmar

Með „sætisörmum“ er átt við búnað beggja vegna sætisins sem styður við handleggi ökumanns í sætinu.

5. Viðmiðunarpunktur sætis (S)

Með „viðmiðunarpunkti sætis (S)“ er átt við skurðpunkt lengdarmiðjuplans sætisins á milli snertiflatar á bólstraðri bakstoð og láréttis flatar. Þessi lárétti flötur sker lægra sætisyfirborð 150 mm framan við viðmiðunarpunkt sætisins (S) (sjá 1. viðbæti við II. viðauka).

6. Dýpt sætisyfirborðs

Með „dýpt sætisyfirborðs“ er átt við lárétta fjarlægð á milli viðmiðunarpunkts sætisins (S) og fremri brúnar á sætisyfirborði.

7. Breidd sætisyfirborðs

Með „breidd sætisyfirborðs“ er átt við lárétta fjarlægð á milli ytri brúna sætisyfirborðs sem mæld er í plani sem liggur hornrétt á miðjuplan sætisins.

8. Þyngdarstillingar

Með „þyngdarstillingum“ er átt við svæðið á milli þyngdanna tveggja sem samsvara miðjustöðu á ferli fjöðrunarbúnaðar sem er dregin miðað við þyngsta og léttasta ökumann.

9. Fjöðrunarferill

Með „fjöðrunarferli“ er átt við fjarlægðina á milli hæstu og lægstu stöðu fjöðrunarbúnaðar.

10. Sveifluhreyfing

Með „sveifluhreyfingu“ er átt við lóðréttu hreyfingu ökumannssætisins upp og niður.

11. Sveifluhröðun (a)

Með „sveifluhröðun (a)“ er átt við aðra afleiðu af sveifluvædd hreyfingarinnar með tilliti til tíma.

12. Rótarferningsmeðalgildi hröðunar (a_{eff})

Með „rótarferningsmeðalgildi hröðunarinnar (a_{eff})“ er átt við kvaðratrót af ferningsmeðalgildi hröðunarinnar.

13. Sviðsbundinn aflþéttleiki (Φ)

Með „sviðsbundnum aflþéttleika (Φ)“ er átt við annað veldi rótarferningsmeðalgildis hröðunarinnar (a_{eff}) mælt með þriðjastigs sífum, deilt með bandabreidd síanna.

14. Veginn sveifluhröðun (a_w)

Með „veginni sveifluhröðun (a_w)“ er átt við þá sveifluhröðun sem vegin er og ákvörðuð með aðstoð vegunarsífu í samræmi við 2.5.3.3.5.2 í II. viðauka.

15. Sveifluhlutfall

Með „sveifluhlutfalli“ er átt við hlutfallið á milli veginnar sveifluhröðunar sem mælist á öikumannssæti annars vegar og við sætisfestingu hins vegar í samræmi við 2.5.3.3.2 í II. viðauka.

16. Sveifluflokkur

Með „sveifluflokki“ er átt við flokk eða hóp dráttarvéla sem hafa sömu sveiflueiginleika.

17. Dráttarvélar í hópi A

Með „dráttarvélum í hópi A“ er átt við dráttarvélar með eiginleika sem heyra undir ákveðinn sveifluflokk vegna áþekkra smíðaeinkenna.

17.1. Eiginleikar þessara dráttarvéla eru sem hér segir:

Fjöldi ása: tveir.

Skipting þyngdar:

— framás: 30 til 45% af þyngd dráttarvélarinnar án hleðslu,

— afturás: 70 til 55% af þyngd dráttarvélarinnar án hleðslu.

Hjólbarðar: minni að framan en að aftan (hlutfall hjólbarðaradíuss $\leq 4 : 5$).

Sporvidd: minnsta stillanleg sporvidd er meiri en 1 150 mm.

Fjöðrun: afturás ófjaðraður.

Lárétt staðsetning sætis: á milli afturáss og miðjuþyngdarpunkts dráttarvélarinnar.

17.2. Dráttarvélum í hópi A er skipt aftur í tvo flokka:

Flokkur I: 1 400 til 3 600 kg massi án hleðslu.

Flokkur II: 3 600 til 5 000 kg massi án hleðslu.

18. Viðmiðunardráttarvél

Með „viðmiðunardráttarvél“ er átt við dráttarvél með sveifluferli sem er einkennandi fyrir inngangsgildi við prófun á sæti á prófunarbekki í tilteknum sveifluflokki dráttarvéla.

18.1. Sviðsbundinn aflþéttleiki lóðréttrar sveifluhröðunar við sætisfestingu viðmiðunardráttarvélarinnar verður að uppfylla skilyrðin í 9. og 10. viðbæti við II. viðauka.**18.2. Viðmiðunardráttarvélin skal fullnægja þeim kröfum sem koma fram í eftirfarandi töflu, ef farið er að þeim kröfum sem nefndar eru í lið 18.1:**

	I. Flokkur	II. Flokkur	Frávik ⁽¹⁾
Massi án hleðslu í kg	3 040	4 750	± 5%
— framás í kg	1 300	1 830	± 5%
— afturás í kg	1 740	2 920	± 5%
Hjólbarðar að framan	7,50-18	12,4/11-28	
Hjólbarðar að aftan	16,9/14-34	16,9/14-38	
Þrýstingur í hjólbörðum að framan í börum ⁽²⁾	2,0	1,5	+ 0,1 bar
Þrýstingur í hjólbörðum að aftan í börum ⁽²⁾	1,1	1,3	+ 0,1 bar
Hjólhaf í mm	2 125	2 590	± 10%

⁽¹⁾ Einungis má fara yfir þessi frávik þegar það er nauðsynlegt svo fullnægja megi þeim kröfum sem tilgreindar eru í 18.1.
⁽²⁾ Þessi gildi gilda fyrir skámynstraða hjólbarða. Þegar radíalhjólbardar eru notaðir verður að auka þrýstinginn um 15%.

19. Dráttarvélar í hópi B

Með „dráttarvélum í hópi B“ er átt við dráttarvélar með eiginleika sem falla ekki undir sveifluflokka í hópi A.

20. Sæti af sömu gerð

Með „sætum af sömu gerð“ er átt við sæti sem eru eins í grundvallaratriðum. Sætin mega vera frábrugðin hvað varðar eftirfarandi þætti:

- 20.1. stærð;
- 20.2. staðsetningu og halla bakstoða;
- 20.3. halla á sætisyfirborði;
- 20.4. lengdar- og hæðarstillingu á sætinu.

II. VIÐAUKI

**KRÖFUR UM SMÍÐI OG PRÓFUN - KRÖFUR UM
EBE-GERÐARVIÐURKENNINGU ÍHLUTA OG MERKINGU**

1. ALMENNAR KRÖFUR
 - 1.1. Ökumannssæti skal hanna þannig að þau tryggi þægilega stöðu fyrir ökumann þegar hann stjórnar og stýrir dráttarvélinni og veiti honum eins mikla vörn og mögulegt er hvað varðar heilbrigði og öryggi.
 - 1.2. Sætið skal vera stillanlegt fyrir lengd og hæð án þess að til þess þurfi verkfæri.
 - 1.3. Sætið skal hanna þannig að það dragi úr höggum og sveiflum. Það þarf því að fjaðra vel, draga vel úr sveifluhreyfingum og gefa nægilegan stuðning að aftan og til hliðanna.

Hliðarstuðningur er talinn nægjanlegur ef sætið er hannað þannig að ökumaður renni ekki til hliðanna.
 - 1.3.1. Sætið verður að vera stillanlegt fyrir mismunandi massa. Allar stillingar sem nauðsynlegar eru til þess að uppfylla þessar kröfur skulu mögulegar án verkfæra.
 - 1.4. Sætisyrfirborð, bakstoð, hliðarstuðningur og ef við á fastir- eða felliarmar sem hægt er að taka af, skulu vera bólstruð.
 - 1.5. Viðmiðunarpunkt sætis (S) skal reikna út á þann hátt sem tilgreint er í 1. viðbæti við II. viðauka.
 - 1.6. Þar sem annað er ekki gefið upp verða mál og frávik að vera í samræmi við eftirfarandi kröfur:
 - 1.6.1. Málín skulu gefin upp í heilum einingum og mælingagildin jöfnuð við næstu heilu einingu ef þörf krefur.
 - 1.6.2. Tæki sem notuð eru til mælinga skulu gera það mögulegt að jafna mæld gildi við næstu heilu einingu og verða að vera nákvæm innan eftirfarandi vikmarka:
 - við lengdarmælingar: $\pm 0,5\%$,
 - við hornamælingar: $\pm 1^\circ$,
 - við ákvörðun á massa dráttarvélarinnar: ± 20 kg,
 - við mælingu á þrýstingi í hjólbörðum: $+ 0,1$ bar;
 - 1.6.3. Í öllum stærðarmælingum er $\pm 5\%$ frávik leyfilegt.
 - 1.7. Sætin verða að ganga í gegnum eftirfarandi prófanir sem gerðar eru á sama sætinu og í þeirri röð sem gefin er hér á eftir:
 - 1.7.1. eiginleikar fjöðrunar og stillingar fyrir massa ökumanns eru ákvarðaðir;
 - 1.7.2. hliðarstöðugleiki er ákvarðaður;
 - 1.7.3. lóðrétt sveifluhreyfing er ákvörðuð.
 - 1.8. Ef sæti er framleitt þannig að það geti snúist um lóðréttan ás eru prófanir framkvæmdar þegar sætið snýr fram, í læstri stöðu, sem er samsíða lengdarmiðjuhlani dráttarvélarinnar.

- 1.9. Sætið sem fer í gegnum ofangreindar prófanir verður að hafa sömu eiginleika hvað varðar smíði og uppsetningu og sæti í raðframleiðslu.
 - 1.10. Áður en prófanimar eru framkvæmdar verður framleiðandi að hafa prófað sætin.
 - 1.11. Prófunarstofa skal ganga frá prófunarskýrslu sem staðfestir að sætið hafi staðist tilgreindar prófanir án skemmda og sem inniheldur einstök atriði varðandi sveiflueiginleika sætisins.
 - 1.12. Sæti sem prófuð eru fyrir dráttarvélar úr I. flokki henta einungis fyrir dráttarvélar úr þeim flokki, en sæti sem prófuð eru fyrir dráttarvélar úr II. flokki henta fyrir dráttarvélar úr báðum flokkum.
2. **SÉRSTAKAR KRÖFUR**
- 2.1. **Stærð sætisyfirborðs**
 - 2.1.1. Dýpt sætisyfirborðs, mæld samhliða og í 150 mm fjarlægð frá lengdarmiðjuplani sætisins, skal vera 400 ± 50 mm (sjá mynd hér á eftir).
 - 2.1.2. Breidd sætisyfirborðs, mæld hornrétt á miðjuplan sætisins 150 mm framan við viðmiðunarpunkt sætisins (S) og ekki meira en 80 mm fyrir ofan hann, skal vera a.m.k. 450 mm (sjá mynd hér á eftir).
 - 2.1.3. Leyfilegt er að minnka dýpt og breidd sætis í 300 mm á dýptina og 400 mm á breiddina á dráttarvélum með lágmarkssporvídd afturhjólis ekki yfir 1 150 mm ef hönnun dráttarvélarinnar er þannig að ekki er hægt að uppfylla kröfurnar í liðum 2.1.1 og 2.1.2.
 - 2.2. **Staðsetning og halli bakstoða**
 - 2.2.1. Efri brún bakstoðar sætisins verður að vera a.m.k. 260 mm fyrir ofan viðmiðunarpunkt sætisins (S) (sjá mynd hér á eftir)
 - 2.2.2. Bakstoðin verður að vera með $10 \pm 5^\circ$ halla (sjá mynd hér á eftir).
 - 2.3. **Halli sætisyfirborðs**
 - 2.3.1. Halli afturábak (sjá horn α á mynd hér á eftir) á sætispúða sem þungi hvílir á skal vera 3 til 12° miðað við láréttan flöt, mælt með hleðslubúnaði í samræmi við I. viðbæti.
 - 2.4. **Sætisstilling** (sjá mynd hér á eftir)
 - 2.4.1. Sætið verður að vera hægt að stilla eftir endilöngu um að minnsta kosti:
 - 150 mm á dráttarvélum með 1 150 mm lágmarkssporvídd afturhjólis eða meira,
 - 60 mm á dráttarvélum með 1 150 mm lágmarkssporvídd afturhjólis eða minna.
 - 2.4.2. Sætið verður að vera hægt að stilla á hæð minnst:
 - 60 mm á dráttarvélum með 1 150 mm lágmarkssporvídd afturhjólis eða meira,
 - 30 mm á dráttarvélum með 1 150 mm lágmarkssporvídd afturhjólis eða minna.

Hámarkshæð fyrir
mælingu á breidd sætis

lágmarksstilling ± 30 (± 15)

lágmarksstilling ± 75 (± 30)

(mál í millímetrum)

2.5. **Sætisprófanir**

2.5.1. *Prófun sem ákvarðar fjöðrunareiginleika og stillingasvið eftir massa ökumanns*

2.5.1.1. Eiginleikar fjöðrunarbúnaðar eru ákvarðaðir með kyrrstöðuprófun. Hana verður að framkvæma með sætið stillt fyrir ökumann með 50 kg massa og ökumann með 120 kg massa.

Mörk stillinga sætisins eftir massa ökumanns eru reiknuð út frá eiginleikum fjöðrunarbúnaðar.

2.5.1.2. Sætið er sett í prófunarbekk eða dráttarvél og þyngd látin á það, ýmist beint eða með sérstökum búnaði; þyngdin má ekki víkja meira en 5 N frá nafnþyngd. Mæla verður lækkun fjöðrunarbúnaðar með a.m.k. ± 1 mm nákvæmni. Þyngdina skal setja á í samræmi við og eftir þeim leiðum sem mælt er fyrir um í 3. hluta I. viðbættis.

- 2.5.1.3. Draga skal heilan eiginleikaferil sem sýnir samþjöppun fjöðrunarbúnaðar frá núll þyngd til hámarksþyngdar og aftur að núlli. Þyngdarkvörðunin sem er notuð við mælingu á samþjöppun fjöðrunarbúnaðarins má ekki fara yfir 100 N. Skipta skal a.m.k. átta mælipunktum niður á fjöðrunarferilinn með nokkurn veginn jöfnu millibili. Miðað er við að hámarksþyngd sé annað hvort þegar frekari samþjöppun mælist ekki eða 1 500 N. Eftir að þyngdin hefur verið fjarlægð skal mæla lóðréttu samþjöppun fjöðrunarbúnaðar 200 mm framan við viðmiðunarpunkt sætisins (S). Eftir að þyngdin hefur verið fjarlægð skal bíða þar til sætið er komið aftur í kyrrstöðu.
- 2.5.1.4. Þegar um er að ræða sæti án fastra marka fyrir þyngdarstillingu skulu stillingarnar þannig valdar að:
- 2.5.1.4.1. fyrir léttasta ökumann fari sætið til baka í efstu fjöðrunarstöðu þegar þyngdin er fjarlægð; og
- 2.5.1.4.2. fyrir þyngsta ökumann þrýsti þyngd sem er 1 500 N sætinu niður í lægstu fjöðrunarstöðu.
- 2.5.1.4.3. Stillingasviðið sem er ákvarðað með þeim þyngdum sem mælt er fyrir um í liðum 2.5.1.4.1 og 2.5.1.4.2 skal teljast stærra en það sem krafist er í 3.1.1.
- 2.5.1.4.4. Ef sætið er útbúið neðri virknisaukandi fjöðrunarstöðvun, má skilgreina lægstu fjöðrunarstöðu (sjá 9. hluta I. viðauka) sem þá stöðu sem sætið fer í við 1 000 N stillt fyrir léttasta ökumann.
- 2.5.1.5. Miðstilling fjöðrunarbúnaðarins er sú sem sætið fer í þegar það þrýstist niður í hálfu fjöðrunarstöðu.
- 2.5.1.6. Þar sem eiginleikar ferils fjöðrunarbúnaðarins eru oftast segulheldnilykkjur verður að ákvarða þyngdina með því að draga miðjúlínu í gegnum lykkjuna (sjá 8. hluta I. viðauka og hluta A og B í 2. viðbæti við II. viðauka).
- 2.5.1.7. Til að ákvarða megi mörk stillingasviðs miðað við massa ökumanns verður að margfalda gildin úr hlutum A og B (sjá 2. viðbæti), sem voru sett í samræmi við 2.5.1.6, með 1,3.
- 2.5.2. *Prófun sem ákvarðar hliðarstöðugleika*
- 2.5.2.1. Stilla verður sætið fyrir leyfilegan hámarks massa ökumanns og tengja það við prófunarpallinn eða dráttarvélina á þann hátt að botninn hvíli á föstum fleti (prófunarpalli) sem má ekki vera minni en sætisbotninn.
- 2.5.2.2. 1 000 N prófunarþyngd er sett á yfirborð sætisþúðans eða sætisins. Staðurinn sem hún er sett á verður að vera 200 mm framan við viðmiðunarpunkt sætisins (S) og til skiptis 150 mm á hvora hlið frá samhverfufleti sætisins.
- 2.5.2.3. Á meðan þyngdin er á er mælt frávik á hallahorn sætisfyrirborðs til hliðar í ystu láréttu og lóðréttu sætisstillingum. Ekki skal taka tillit til varanlegar aflögunar nálægt staðnum sem þyngdin er sett á.
- 2.5.3. *Prófun til að ákvarða sveifluhreyfingu*
- Sveifluhreyfing sætisins er ákvörðuð með prófun á prófunarpalli og/eða staðlaðri akbraut eftir því hvort sætið er ætlað fyrir flokk (eða flokka) dráttarvéla úr hópi A eða dráttarvéla úr hópi B.
- 2.5.3.1. **Prófun á prófunarpalli**
- 2.5.3.1.1. Prófunarpallurinn skal líkja eftir lóðréttum sveifluhreyfingum í festingarpunkti ökumannssætis.

Sveifluhreyfingarnar eru myndaðar með raf-vökvabúnaði. Nota skal ýmist inngangsgildin sem tilgreind eru í 4. og 5. viðbæti fyrir þann flokk dráttarvéla sem um ræðir, eða tvöfalt tegruð hröðunarmerki mæld við sætisfestingu dráttarvéla úr hópi B sem er ekið $12 \pm 0,5$ km/klst á staðlaðri akbraut eins og hún er skilgreind í 2.5.3.2.1. Sveifluhreyfingarnar skulu fluttar yfir á pall sem samsvarar í grófum dráttum stærð á stýrishúsi dráttarvélarinnar. Til þess að mynda sveifluhreyfingarnar þarf að nota óslitna tvítekna keyrslu inngangsgilda eða tvöfalt tegruð hröðunarmerki sem skráð eru við sætisfestingu dráttarvélar úr hópi B við akstur á staðlaðri akbraut. Mælingarnar má ekki gera við fyrsta akstur inngangsgildanna eða hröðunarmerkjana.

2.5.3.1.2. Auk festingar fyrir prófunarsætið verður pallurinn að vera með stýrishjóli og fótstigi. Lögun hans verður að vera eins og sýnt er í 6. viðbæti.

2.5.3.1.3. Prófunarpallurinn verður að hafa góðan sveigju- og snúningsstinnleika og legur hans og brautir mega ekki taka meira rými en er tæknilega nauðsynlegt. Ef pallurinn er á sveifluarmi verður stærðin R að vera a.m.k. 2 000 mm (sjá 6. viðbæti).

Með 150 kg massa verður prófunarpallurinn að geta líkt eftir sínusferli sveifluhreyfinga eins og sýnt er í 7. viðbæti.

2.5.3.2. **Prófun á staðlaðri akbraut**

2.5.3.2.1. Akbrautin samanstendur af tveimur samhliða brautum og fer bilið á milli þeirra eftir sporvidd dráttarvélarinnar. Yfirborðið má vera úr steinsteypu með sléttu yfirborði eða blokkum úr víði eða steinsteypu með reglulegu mynstri. Yfirborð hvorrar brautar er afmarkað með hæðartölum með tilliti til grunnlínu; þessi gildi eru sýnd í töflum í 3. viðbæti. Að því er akbrautina snertir er hækkinun afmörkuð með 16 cm millibili meðfram hvorri braut.

Akbrautin verður að vera vel föst við jörðu og bilið á milli brautanna má einungis víkja lítillega frá rétttri breidd; hjól dráttarvélarinnar verða ávallt að vera á brautinni. Þegar brautirnar eru sniðnar í blokkir verða þær að vera 6 til 8 cm þykkar og skulu þá vera 16 cm á milli miðju blokkanna.

Lengd staðlaðrar akbrautar skal vera 100 m. Mælingar skulu hefjast um leið og afturás dráttarvélarinnar er hornrétt á punkt D = 0 á akbrautinni og þeim skal ljúka um leið og framás dráttarvélarinnar er hornrétt á punkt D = 100 á akbrautinni (sjá töflu í 3. viðbæti við II. viðauka).

2.5.3.2.2. Lóðréttar sveifluhreyfingar sem eru yfirfærðar eru ákvarðaðar við hraðann $12 \pm 0,5$ km/klst.

Halda verður tilskildum hraða án notkunar hemla. Mæla skal sveifluhreyfingar á sætinu og á þeim stað sem sætið er fest við dráttarvélinu bæði með léttum og þungum öikumanni.

Hraðanum 12 km/klst. verður að ná við akstur eftir upphafsbraut. Yfirborð þessarar brautar verður að vera slétt og tengjast staðlaðri akbraut án hæðarbreytinga.

2.5.3.2.3. Stilla skal sætið eftir massa öikumanns í samræmi við fyrirmæli framleiðanda.

2.5.3.2.4. Dráttarvélin verður að vera með hlífðargrind og/eða stjórnklefa nema um sé að ræða gerð þar sem slíks búnaðar er ekki krafist. Hún má ekki vera með neinum aukabúnaði. Ennfremur má ekki vera kjölfesta á hjólum eða undirvagni og enginn vökví í hjólbörðum.

2.5.3.2.5. Hjólbarðar sem notaðir eru í prófuninni skulu vera af staðlaðri stærð og skámynstraðir eftir fyrirmælum framleiðanda. Mynsturðýptin má ekki vera undir 65% af nýju mynstri.

2.5.3.2.6. Hliðar hjólbarðanna mega ekki vera skemmdar. Þrýstingur hjólbarða verður að samsvara meðalgildi viðmiðunarþrýstings sem framleiðandi hjólbarðanna mælir með. Sporvöldin verður að vera sú sama og notuð er við eðlileg vinnuskilyrði fyrir þá gerð dráttarvéla sem sætið er í.

2.5.3.2.7. Mælingar við festingarpunkt sætisins og á sætinu sjálfu skulu gerðar við sama akstur.

Til þess að mæla og skrá sveifluhreyfingar skal nota hröðunarmæli, magnara, segulbandstæki eða sveiflumæli með beinum álestri. Forskriftir fyrir þessi tæki eru þær sem mælt er fyrir um í liðum 2.5.3.3.2 til 2.5.3.3.6.

2.5.3.3. **Forskriftir fyrir prófanir á akbraut og í prófunarbekk**

2.5.3.3.1. Massi ökumanns

Prófanirnar skulu framkvæmdar með tveimur ökumönnum: öðrum með samanlagðan 55 kg massa ($\pm 10\%$) og þar af má hann ekki bera meira en 5 kg í vigtunarbelti utan um sig; og hinum með samanlagðan 98 kg massa ($\pm 10\%$), með 8 kg hámarks massa í beltinu.

2.5.3.3.2. Staðsetning hröðunarmælis

Sveifluhreyfingar sem flytjast yfir á ökumann eru mældar þannig að hröðunarmæli er komið fyrir á plötu sem er stíf og flöt, 250 ± 50 mm í þvermál, þar sem miðhlutinn upp að 75 mm þvermáli á að vera stífur og með stífan varnarbúnað svo hlífa megi hröðunarmælinum. Platan skal staðsett á miðju sætisyfirborði á milli sætis og ökumanns og vera klædd náttúrulegu eða gervisvampgúmmí sem er 20 mm á þykkt.

Sveifluhreyfingar við sætisfestingu eru mældar þannig að hröðunarmæli er komið fyrir við festinguna á stað sem er ekki meira en 100 mm frá lengdarmiðju plani dráttarvélarinnar og ekki utan við útstæða hluta á sætisyfirborði dráttarvélarinnar.

2.5.3.3.3. Mælingar á sveifluhröðun

Hröðunarmælir og viðkomandi mögnunar- og sendibúnaður verður að bregðast við sveifluhreyfingum með rótarferningsmeðalgildi $0,05 \text{ m/s}^2$, og geta mælt sveifluhreyfingar með rótarferningsmeðalgildi 5 m/s^2 og sveifluviddarstuðul (hlutfall á milli toppgildis og rótarferningsmeðalgildis) 3 án bjögunar og með $\pm 2,5\%$ skekkjuhámarki yfir tíðnisviðið 1 til 80 Hz.

2.5.3.3.4. Segulbandstæki

Ef notað er segulbandstæki verður það að vera með $\pm 3,5\%$ hámark frávíka milli mælinga á tíðnisviði 1 til 80 Hz, þar með taldar hraðabreytingar á bandinu þegar það er spilað aftur til athugunar.

2.5.3.3.5. Sveiflumælir

2.5.3.3.5.1. Litið skal framhjá sveifluhreyfingum sem eru meira en 10 Hz. Því er leyfilegt að tengja neðan við mælitækið lágrennslissíu með marktíðni sem er um það bil 10 Hz og deyfingu um 12 dB á hverja áttund.

2.5.3.3.5.2. Tækið verður að vera með raftæknilega vegunarsíu á milli skynjara og tegurmælis. Sían verður að samsvara ferlinum sem sýndur er í 8. viðbæti og skekkjumörk verða að vera $\pm 0,5$ dB á tíðnibilinu 2 til 4 Hz og ± 2 dB fyrir aðra tíðni.

2.5.3.3.5.3. Rafeindamælibúnaður verður að gefa til kynna:

— tegur (I) veginnar sveifluhröðunar (a_w) í öðru veldi á prófunartímanum (T)

$$I = \int_0^T (a_w)^2 dt$$

- eða kvaðratróttin af því tegri
- eða beint rótarferningsmeðalgildi veginnar sveifluhröðunar ($a_{w\text{eff}}$)

$$a_{w\text{eff}} = \sqrt{I/T} = \frac{\sqrt{I}}{\sqrt{T}}$$

Heildarónákvæmni í rótarferningsmeðalgildi veginnar sveifluhröðunar sem reiknað er á þennan hátt verður að vera innan $\pm 5\%$.

2.5.3.3.6. Kvörðun

Kvarða skal öll tæki reglulega.

2.5.3.3.7. Mat á sveifluþrófunum

2.5.3.3.7.1. Í hverri prófun verður að ákvarða sveifluhröðun á öllum prófunartímanum með þeim sveiflumæli með beinum aflestri sem skilgreindur er í 2.5.3.3.5.

2.5.3.3.7.2. Í skýrslunni verður að koma fram meðalgildi leiðréttrar sætissveifluhröðunar fyrir léttan ökumann og einnig meðalgildi leiðréttrar sætissveifluhröðunar fyrir þungan ökumann. Prófunarskýrslan verður einnig að innihalda hlutfallið milli veginnar sveifluhröðunar á ökumannssæti og þeirrar sem mælist við sætisfestingu. Hlutfallið skal gefið með tveimur aukastöfum.

2.5.3.3.7.3. Sveiflur á hita umhverfisins meðan á prófuninni stendur skulu mældar og skráðar í skýrsluna.

2.5.4. Sveifluþrófanir á dráttarvélasætum eftir því hvernig þau verða notuð

2.5.4.1. Sæti sem ætlað er til notkunar í flokki (eða flokkum) dráttarvéla í hópi A verður að prófa í sveiflubekk og nota viðeigandi merki inngangsgilda.

2.5.4.2. Sæti sem ætlað er til notkunar á dráttarvél í hópi B verður að prófa á staðlaðri akbraut á dráttarvél af þeirri gerð. Þó má framkvæma hermiprófun ef notuð eru merki inngangsgilda sem samsvara hröðunarferli sem ákvarðaður var með prófun á staðlaðri akbraut á þeirri gerð dráttarvéla sem sætið er ætlað fyrir.

2.5.4.3. Einnig má prófa sæti sem einungis er ætlað til notkunar á sérstakri gerð dráttarvéla í hópi A í samræmi við kröfur í 2.5.4.2. Í slíkum tilfellum er gerðarviðurkenning íhluta einungis veitt dráttarvélargerðum sem prófunarsætið er ætlað fyrir.

2.5.5. Aðferð til að ákvarða sætissveiflur á sætum sem ætluð eru fyrir dráttarvélar í hópi A

2.5.5.1. Sveifluhegðun viðmiðunardráttarvélarinnar, sem er óreiðanlegasti hlutinn í prófun á ökumannssæti, er skilgreind út frá sviðsbundnum aflþéttleika lóðréttrar hröðunar (9. og 10. viðbætur) sem mældur er við sætisfestingu viðmiðunardráttarvélarinnar á meðan á akstri á staðlaðri akbraut stendur í samræmi við kröfurnar í 2.5.3.2.

2.5.5.2. Raungildi a_{wB} við sætisfestingu í þeim akstri sem mældur er verður að vera innan eftirfarandi marka:

fyrir viðmiðunardráttarvélar af flokki I: $a_{wB} = 1,9$ til $2,2 \text{ m/s}^2$

fyrir viðmiðunardráttarvélar af flokki II: $a_{wB} = 1,6$ til $1,8 \text{ m/s}^2$

og skulu leiðréttast í samræmi við viðmiðunargildin:

$$a_{wB}^* = 2,05 \text{ m/s}^2 \text{ fyrir flokk I}$$

$$a_{wB}^* = 1,7 \text{ m/s}^2 \text{ fyrir flokk II,}$$

hröðun a_{ws} mæld á öikumannssæti leiðréttist í samræmi við jöfnuna:

$$a_{ws}^* = a_{ws} \frac{a_{wB}^*}{a_{wB}}$$

- 2.5.5.3. Þegar prófun fer fram á palli verður að ákvarða merki inngangsgildanna sam framleiða lóðrétt hreyfingu á sætisfestingu með tvöfaldri tegrun hröðunarmerkja sem mæld eru við sætisfestingu á viðmiðunardráttarvélum af flokki I eða II við prófun á staðlaðri akbraut. Merki inngangsgildanna eru gefin í 4. og 5. viðbæti.

Prófunarpallinn verður að stilla þannig að sætifestingin sé háð veginni hröðun sem er:

$$a_{wB} = 1,9 \text{ til } 2,2 \text{ m/s}^2$$

fyrir dráttarvélur í hópi A í flokki I, og

$$a_{wB} = 1,6 \text{ til } 1,8 \text{ m/s}^2$$

fyrir dráttarvélur í hópi A í flokki II.

Ákvarða verður raungildi a_{wB} við sætisfestingu meðan á mælingunni stendur. Ef um er að ræða frávik frá viðmiðunargildinu:

$$a_{wB}^* = 2,05 \text{ m/s}^2 \text{ fyrir dráttarvélur í hópi A í flokki I}$$

$$a_{wB}^* = 1,7 \text{ m/s}^2 \text{ fyrir dráttarvélur í hópi A í flokki II,}$$

leiðréttist hröðun a_{ws} sem mæld er við öikumannssætið í samræmi við eftirfarandi jöfnu:

$$a_{ws}^* = a_{ws} \frac{a_{wB}^*}{a_{wB}}$$

- 2.5.5.4. Við prófun á pallinum gilda kröfurnar í 2.5.3.1 og sveifluhreyfingar skulu myndaðar í samræmi við kröfurnar í 2.5.5.2.

Mæla þarf vegna sveifluhröðun á sætinu á 28 sekúndna tímabili fyrir báða öikumennina sem um getur í 2.5.3.3.1. Mælingin skal hefjast þegar merki inngangsgildisins samsvarar $t = 0$ sekúndum og ljúka þegar það samsvarar $t = 28$ sekúndum (sjá 4. og 5. viðbæti við II. viðauka). Framkvæma skal a.m.k. tvo reynsluakstra. Mæld gildi mega ekki víkja meira en $\pm 5\%$ frá meðalgildi.

- 2.5.6. *Aðferð til að ákvarða sætissveiflur á sætum sem ætluð eru fyrir dráttarvélur í hópi B*

- 2.5.6.1. Í samræmi við kröfurnar í 2.5.4.2 eiga prófanir á sætissveiflum ekki við hópa eða flokka dráttarvéla heldur einungis hverja dráttarvélargerð sem prófunarsætið er ætlað fyrir.

- 2.5.6.2. Prófun á staðlaðri akbraut skal framkvæmd í samræmi við kröfurnar í liðum 2.5.3.2 og 2.5.3.3. Í slíkum tilvikum þarf ekki að leiðréttu sveifluhröðun sem mælist á öikumannssæti (a_{ws}) og er hún því eins og viðmiðunargildið a_{ws}^*

- 2.5.6.3. Prófun á prófunarpalli skal framkvæmd í tengslum við prófun á staðlaðri akbraut í samræmi við kröfurnar í liðum 2.5.3.1 og 2.5.3.3.

Ákvarða verður inngangsgildi fyrir sveiflugjafa með tvöfaldrri tegrun á hröðunarmerki sveifluhreyfingarinnar sem skráð er í samræmi við 2.5.3.1.1.

- 2.5.6.4. Þegar ákvarða skal inngangsgildin sem fengust í samræmi við 2.5.6.3 má vegin sveifluhröðun ($a_w p$) mæld á prófunarpalli við sætisfestingu ekki víkja meira en $\pm 10\%$ frá gildinu ($a_w F$) sem skráð er á staðlaðri akbraut í samræmi við kröfurnar í 2.5.6.3 (í fyrstu málsgrein). Ef til þess kæmi að frávik yrðu frá gildinu ($a_w F$) sem mælist við sætisfestingu í reynsluakstri verður að leiðrétta vegna sveifluhröðun sem mæld er við ökumannssæti meðan á prófun í prófunarþeknum stendur á eftirfarandi hátt:

$$a_{ws}^* = a_{ws} \frac{a_{wF}^*}{a_{wP}}$$

Framkvæma skal hverja prófun í prófunarþeknum tvisvar. Mæld gildi mega ekki víkja meira en $\pm 5\%$ frá meðalgildi.

3. EBE-GERÐARVIÐURKENNING ÍHLUTA OG KRÖFUR UM MERKINGU

3.1. Nauðsynleg skilyrði fyrir EBE-gerðarviðurkenningu íhluta á sæti

Til þess að EBE-gerðarviðurkenning íhluta verði veitt verður sæti, auk þess að fullnægja þeim kröfum sem gerðar eru hér á undan, að uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- 3.1.1. stillingar miðað við massa ökumanns verða að ná frá a.m.k. 50 upp í 120 kg;
- 3.1.2. breyting á hallahorni sem mælt er við prófun á hliðarstöðugleika má ekki vera yfir 5° ;
- 3.1.3. hvorugt gildanna sem lýst er í 2.5.3.3.7.2 má fara yfir $1,25 \text{ m/s}^2$.

3.2. Umsókn um EBE-gerðarviðurkenningu íhluta

- 3.2.1. Eigandi viðskiptaheitis eða vörumerkis eða viðurkenndur fulltrúi hans leggur fram umsókn um EBE-gerðarviðurkenningu íhluta.
- 3.2.2. Umsókn fyrir hverja gerð ökumannssæta verður að fylgja:
- 3.2.2.1. stutt tæknilysing þar sem fram kemur hvaða gerð dráttarvélar eða dráttarvéla hún er ætluð;
- 3.2.2.2. teikningar í þríriti sem eru nægilega nákvæmar til að auðkenna gerð sætisins og sem sýna einkum stærð þess, þyngd, fjöðrunarkerfi og festingu;
- 3.2.2.3. a.m.k. eitt sæti;
- 3.2.2.4. ein dráttarvél (ef nauðsyn krefur) sem er dæmigerð fyrir gerð þá sem sætið er ætlað fyrir.

3.3. Áletranir

- 3.3.1. Sæti sem afhent er til gerðarviðurkenningar íhluta verður að vera greinilega og óafmáanlega áletrað með viðskiptaheiti eða vörumerki umsækjandans.
- 3.3.2. Á hverju sæti verður að vera nægjanlegt rými fyrir merki EBE-gerðarviðurkenningar íhluta. Rýmið skal sýnt á teikningunum sem um getur í 3.2.2.2.

3.4. EBE-gerðarviðurkenning íhluta

- 3.4.1. Ef sætið sem afhent er í samræmi við 3.2 er í samræmi við kröfurnar í 3.1 og 3.3 er EBE-gerðarviðurkenning íhluta veitt og gerðarviðurkenningarnúmeri íhluta úthlutað.

- 3.4.2. Aðrar gerðir sæta mega ekki fá úthlutað sama númeri.
- 3.5. **Merking**
- 3.5.1. Öll sæti sem samrýmast gerð sem viðurkennd er í samræmi við tilskipun þessa skulu bera merki EBE-gerðarviðurkenningar íhluta.
- 3.5.2. Merkið samanstendur af:
- 3.5.2.1. réttthyngi með bókstafnum „e“ og þar á eftir kemur auðkennisnúmer eða bókstafir aðildarríkisins sem hefur veitt gerðarviðurkenningu íhluta:
- 1 fyrir Þýskaland,
 - 2 fyrir Frakkland,
 - 3 fyrir Ítalíu,
 - 4 fyrir Holland,
 - 6 fyrir Belgíu,
 - 11 fyrir Breska konungsríkið,
 - 13 fyrir Lúxemborg,
 - 18 fyrir Danmörk,
 - IRL fyrir Írland,
- 3.5.2.2. númeri EBE-gerðarviðurkenningar íhluta sem samsvarar númeri EBE-gerðarviðurkenningarvottorðs íhluta sem gefið er út fyrir sætistegundina, fyrir neðan og nálægt réttthyngingnum; og
- 3.5.2.3. upplýsingum um þá gerð dráttarvélar úr hópi A sem sætið er ætlað fyrir, fyrir ofan og nálægt réttthyngingnum. Þetta skal gert á eftirfarandi hátt:
- I fyrir dráttarvélar í hópi A í flokki I
 - I og II fyrir dráttarvélar í hópi A í flokkum I og II.
- Ef ekkert er tilgreint fyrir ofan réttthynginginn er sætið ætlað fyrir dráttarvélar í hópi B.
- 3.5.3. Merki EBE-gerðarviðurkenningar íhluta skal fest á sætið á þann hátt að það sé óafmáanlegt og læsilegt jafnvel þegar sætið er komið í dráttarvélin.
- 3.5.4. Dæmi um merki gerðarviðurkenningar íhluta er gefið í 11. viðbæti.
- 3.5.5. Stærð hinna ýmsu hluta merkisins má ekki vera undir lágmarksstærðum sem tilgreindar eru fyrir merkingu eins og sýnt er í 11. viðbæti.

1. Viðbætur

Aðferð til að ákvarða viðmiðunarpunkt sætis (S)

1. SKILGREINING Á VIÐMIÐUNARPUNKTINUM (S)

Með „viðmiðunarpunkti sætis (S)“ er átt við skurðpunkt lengdarmiðjuplans sætisins á milli snertiflatar á bólstraðri bakstoð og láréttis flatar. Þessi lárétti flötur sker lægra sætisyfirborð 150 mm framan við viðmiðunarpunkt sætisins (S).

2. BÚNAÐUR TIL AÐ ÁKVARÐA VIÐMIÐUNARPUNKT SÆTIS (S)

Búnaðurinn sem sýndur er á mynd 1 samanstendur af burðarfleti sætis og bakstoð. Lægri bakstoðin skal vera með samskeytum í mjaðmarhæð (A) og lendarhæð (B), og er hæð samskeyta (B) stillanleg.

3. AÐFERÐ TIL AÐ ÁKVARÐA VIÐMIÐUNARPUNKT SÆTIS (S)

Viðmiðunarpunktur sætis (S) skal ákvarðaður með búnaði sem sýndur er á myndum 1 og 2, og líkir eftir því að ökumaður sitji í sætinu. Búnaðurinn er settur á sætið. Síðan er settur á það 550 N kraftur á stað sem er 50 mm framan við samskeyti (A), þar næst er þrýst létt á tvo hluta bakstoðarinnar í snertistefnu að bólstraðri bakstoðinni.

Ef ekki er mögulegt að ákvarða ákveðna snertifleti við hvorn hluta bólstraðrar bakstoðar (fyrir neðan og ofan lendarhæð) skal beita eftirfarandi aðferð:

- (a) Þegar ekki er mögulegt að ákvarða snertiflöt við neðsta mögulega hluta verður að þrýsta lægri bakstoð í lóðréttri stillingu léttilega að bólstraðri bakstoðinni;
- (b) Þegar ekki er mögulegt að ákvarða snertiflöt við hæsta mögulega hluta, ef lægri hluti bakstoðar er lóðréttur, verður að festa samskeytin í 230 mm hæð yfir viðmiðunarpunkti sætis (S). Þá skal þrýsta létt á tvo hluta bakstoðarinnar sem er í lóðréttri stillingu í snertistefnu að bólstraðri bakstoðinni.

Mynd 1

Búnaður til að ákvarða viðmiðunarpunkt sætis (S)

(Mál í millímetrum)

Mynd 2

Staða búnaðar

2. viðbætur

Prófun til að ákvarða eiginleika fjöðrunarbúnaðar

Segulheldniferill til að ákvarða þyngdarstillingar (2.5.1)

Hámarkssambjöppun

Lóðrétt álag N

Stillinga-
svæði

Miðjustilling

(Fjöðrunarferill í millímetrum)

*3. viðbætur***Prófun á staðlaðri akbraut**

Tafla yfir hækkunargildi með tilliti til ótilgreindrar grunnhæðar sem afmarkar yfirborð hvorrar akbrautar
(2.5.3.2.1)

D = fjarlægð frá byrjunarstöðu (metrar)

L = gildi vinstri brautar (mm)

R = gildi hægri brautar (mm)

4. viðbætur

Merki inngangsgilda fyrir prófun á prófunarpalli á ökumannssætum fyrir dráttarvélur í hópi A í flokki I (2.5.3.1.1)

PS = stillipunktur

a = sveifluvídd gildismerkis í $10^{-4}m$

t = mældur tími í sekúndum

Þessi merki eru sýnd í töflunni fyrir 701 stillipunkt.

Merkin má geyma tölulega og eftir að hafa farið í gegnum lágrennslissíu með marktíðni sem er um það bil 10 Hz og dregið úr hátíðni um 12 db á hverja áttund sýna þau sveifluvídd inngangsgilda fyrir raf-vökvastýrðan prófunarpall. Merki inngangsgilda skulu endurtekin viðstöðulaust.

5. viðbætur

Merki inngangsgilda fyrir prófun á prófunarpalli á ökumannssætum fyrir dráttarvélar í hópi A í flokki II (2.5.3.1.1)

PS = stillipunktur

a = sveifluvídd gildismerkis í $10^{-4}m$

t = mældur tími í sekúndum

Þessi merki eru sýnd í töflunni fyrir 701 stillipunkt.

Merkin má geyma tölulega og eftir að hafa farið í gegnum lágrennslissú með marktíðni sem er um það bil 10 Hz og dregið úr hátíðni um 12 db á hverja áttund sýna þau sveifluvídd inngangsgilda fyrir raf-vökvastýrðan prófunarpall. Merki inngangsgilda skulu endurtekin viðstöðulaust.

6. viðbætur

Prófunarpallur (2.5.3.1)

(Mál í millímetrum)

Séð frá hlið

Snúningspunktur

 $\pm 30 \text{ mm } (\pm 15)$
minnsta stilling $\pm 75 \text{ mm } (\pm 30)$
minnsta stilling*Séð að ofan*

⁽¹⁾ Horn stýrisöxuls í hlutfalli við lóðréttan flöt ræðst af staðsetningu sætisins, þvermáli stýrishjóls.

⁽²⁾ Sætispúði verður að halla aftur með tilliti til lárétts flatar um 3 til 12°, mælt með hleðslubúnaði í samræmi við 1. viðbæti við II. viðauka. Val hallahorns innan þessa flokks ræðst af stöðu ökumanns í sætinu.

7. viðbætur

Sveifluferill á prófunarpallinum (2.5.3.1)

Sveifluvidd (mm)

Tíðni (Hz)

8. viðbætur

Eiginleikar síu fyrir sveiflumælitæki (2.5.3.3.5)Spennuhlutfall $\frac{V_{\text{út}}}{V_{\text{inn}}}$

Deyfing (dB)

Tíðni (Hz)

9. viðbætur

Sviðsbundinn aflþéttleiki lóðréttrar sveifluhröðunar við sætisfestingu á viðmiðunardráttarvélum úr flokki I (2.5.5)

Sviðsbundinn aflþéttleiki lóðréttrar sveifluhröðunar við sætisfestingu á viðmiðunardráttarvélum úr flokki I má lýsa nokkurn veginn með eftirfarandi jöfnu:

$$\Phi = \Phi_{\max} \exp - \frac{(f - f_m)^2}{2b^2}$$

þar sem fastarnir hafa gildin:

$$\Phi_{\max} = 6,0 \text{ (m/s}^2\text{)}^2/\text{Hz}$$

$$f_m = 3,25 \text{ Hz}$$

$$b = 0,33 \text{ Hz}$$

Leyfileg frávik eru:

$$\Phi_{\max} = \pm 10\%$$

$$f_m = \pm 5\%$$

Frávikið fyrir b er ákvarðað þannig, í samræmi við 2.5.5.2, að vegin sveifluhröðun við sætisfestingu sé innan markanna:

$$a_w = 1,9 \text{ til } 2,2 \text{ m/s}^2$$

Sviðsbundinn aflþéttleiki Φ (f)

Áætluð virkni sviðsbundins aflþéttleika lóðréttrar sveifluhröðunar við sætisfestingu á viðmiðunardráttarvélum úr flokki I

Sviðsbundinn aflþéttleiki Φ (f)

$$\frac{\left(\frac{\text{m}}{\text{s}^2}\right)^2}{\text{Hz}}$$

Φ max. 6

Tíðni (Hz)

10. viðbætur

Sviðsbundinn aflþéttleiki lóðréttrar sveifluhröðunar við sætisfestingu á viðmiðunardráttarvélum úr flokki II (2.5.5)

Sviðsbundinn aflþéttleiki lóðréttrar sveifluhröðunar við sætisfestingu á viðmiðunardráttarvélum úr flokki II má lýsa nokkurn veginn með eftirfarandi jöfnu:

$$\Phi = \Phi_{\max} \exp - \frac{(f - f_m)^2}{2b^2}$$

þar sem fastarnir hafa gildin:

$$\Phi_{\max} = 5,5 \text{ (m/s}^2\text{)}^2/\text{Hz}$$

$$f_m = 2,65 \text{ Hz}$$

$$b = 0,3 \text{ Hz}$$

Leyfileg frávik eru:

$$\Phi_{\max} = \pm 10\%$$

$$f_m = \pm 5\%$$

Frávikið fyrir b er ákvarðað þannig, í samræmi við 2.5.5.2, að vegin sveifluhröðun við sætisfestingu sé innan markanna:

$$a_w = 1,6 \text{ til } 1,8 \text{ m/s}^2$$

Sviðsbundinn aflþéttleiki Φ (f)

Áætluð virkni sviðsbundins aflþéttleika lóðréttrar sveifluhröðunar við sætisfestingu á viðmiðunardráttarvélum úr flokki II

Sviðsbundinn aflþéttleiki Φ (f)

$$\frac{\left(\frac{\text{m}}{\text{s}^2}\right)^2}{\text{Hz}}$$

Φ max. 5,5

Tíðni (Hz)

*11. viðbætur***Dæmi um merki EBE-gerðarviðurkenningar íhluta (3,5)**

$a \geq 15\text{mm}$

Sæti sem ber ofangreint merki EBE-gerðarviðurkenningar er ætlað fyrir dráttarvélar í hópi A í flokki I og er viðurkennt í Þýskalandi (e1) undir númerinu 1 005.

III. VIÐAUKI

FYRIRMYND AÐ EBE-GERÐARVIÐURKENNINGARVOTTORÐI ÍHLUTA

Heiti yfirvalds

Tilkynning um veitingu, synjun, afturköllun eða útvíkkun á EBE-gerðarviðurkenningu íhluta fyrir gerð ökumannssæta í landbúnaðardráttarvélar á hjólum

- EBE-gerðarviðurkenningarnúmer íhluta
1. Viðskiptaheiti eða merki sætis
 2. Nafn og heimilisfang sætisframleiðanda
 3. Nafn og heimilisfang viðurkennds fulltrúa framleiðanda (ef við á)
 4. Merki, tegund og viðskiptaheiti dráttarvéla(r) sem sætið er ætlað fyrir ⁽¹⁾
 5. Afhent til gerðarviðurkenningar íhluta þann
 6. Prófunarstofa
 7. Dagsetning og númer skýrslu prófunarstofunnar
 8. EBE-gerðarviðurkenning íhluta er veitt/synjað er um EBE-gerðarviðurkenningu íhluta/EBE-gerðarviðurkenning íhluta er afturkölluð ⁽²⁾
 9. Staður
 10. Dagsetning
 11. Þessu vottorði fylgir lýsing á sætinu, einkum á stillingum, heildarþyngd, eiginleikum fjöðrunarbúnaðar, gerð og þykkt bólstrunar og leiðbeiningar um festingu. Vinnuteikning af hliðum sætisins í stærð DIN A4 (210 × 297 mm) séð frá hlið og að ofan fylgir lýsingunni.
 12. Athugasemdir
 13. Undirskrift

⁽¹⁾ Gefa skal upp flokk(a) dráttarvéla(r) sem sætið er ætlað fyrir þegar nota á sætið í dráttarvélar í flokki I eða II.

⁽²⁾ Strikið yfir það sem á ekki við.

IV. VIÐAUKI

**KRÖFUR UM UPPSETNINGU Á ÖKUMANNSSÆTUM FYRIR
EBE-GERÐARVIÐURKENNINGU Á DRÁTTARVÉL**

1. Öll ökumannssæti skulu bera merki EBE-gerðarviðurkenningar íhluta og fullnægja eftirfarandi kröfum um uppsetningu:
 - 1.1. Ökumannssæti skal sett upp þannig að:
 - 1.1.1. ökumanni sé tryggð þægileg staða til þess að aka og stjórna dráttarvélinni;
 - 1.1.2. auðvelt sé að komast að sætinu;
 - 1.1.3. þegar ökumaður situr í venjulegri akstursstöðu geti hann auðveldlega náð til ýmissa stjórnþækja dráttarvélarinnar sem líklegt er að verði beitt meðan á notkun stendur;
 - 1.1.4. ekki sé líklegt að neinn hluti sætisins eða íhluti dráttarvélarinnar valdi því að ökumaður skeri sig eða skrámi;
 - 1.1.5. þegar einungis er hægt að stilla sætið fyrir lengd eða hæð verður samhverfuplanið að falla saman við eða vera samhliða lengdarmiðjuplani dráttarvélarinnar;
 - 1.1.6. þegar sætið er hannað til að snúast um lóðréttan ás verður að vera hægt að læsa því í öllum stillingum eða sumum þeirra og a.m.k. í þeirri stillingu sem getið er í 1.1.5.
 2. Handhafi EBE-gerðarviðurkenningar getur farið fram á að hún verði útvíkkuð og nái til annara sætisgerða. Lögbær yfirvöld skulu veita leyfi fyrir slíki útvíkkun að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:
 - 2.1. að nýja sætisgerðin hafi fengið EBE-gerðarviðurkenningu íhluta;
 - 2.2. að sætið hafi verið hannað fyrir uppsetningu í dráttarvélargerð þeirri sem beðið var um útvíkkun EBE-gerðarviðurkenningar á;
 - 2.3. að það sé sett upp þannig að það sé í samræmi við kröfurnar um uppsetningu í þessum viðauka.
3. Sæti sem ætluð eru fyrir dráttarvélar með lágmarkssporvidd afturhjól 1 150 mm eða minna mega, hvað varðar dýpt og breidd sætisyfirborðs, hafa eftirfarandi lágmarksmál:
 - dýpt sætisyfirborðs: 300 mm,
 - breidd sætisyfirborðs: 400 mm.Þetta ákvæði á einungis við ef ekki er hægt að fylgja þeim gildum sem tilgreind eru fyrir dýpt og breidd sætisyfirborðs (þ.e. 400 ± 50 mm og a.m.k. 450 mm) af ástæðum er varða smíði dráttarvélarinnar.
4. Vottorð sem samrýmist fyrirmyndinni sem sýnd er í V. viðauka skal fylgja EBE-gerðarviðurkenningarvottorðinu fyrir hverja gerðarviðurkenningu eða útvíkkun á gerðarviðurkenningu sem veitt er eða synjað er um.

V. VÍÐAUKI

**VÍÐAUKI VIÐ EBE-GERÐARVIÐURKENNINGARVOTTORÐ FYRIR GERÐ
DRÁTTARVÉLAR AÐ ÞVÍ ER VARÐAR ÖKUMANSSÆTI**

(2. mgr. 4. gr. og 10. gr. tilskipunar ráðsins 74/150/EBE frá 4. mars 1974 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi gerðarviðurkenningu á landbúnaðardráttarvélum á hjólum)

Heiti yfirvalds

EBE-gerðarviðurkenningarnúmerútvíkkun ⁽¹⁾
1. Viðskiptaheiti eða merki dráttarvélar
2. Gerð dráttarvélar
3. Nafn og heimilisfang framleiðanda dráttarvélarinnar
4. Nafn og heimilisfang viðurkennds fulltrúa framleiðanda (ef við á)
5. Viðskiptaheiti eða merki ökumannssætis og númer gerðarviðurkenningar íhluta
6. Útvíkkun EBE-gerðarviðurkenningar á dráttarvél svo hún nái yfir eftirfarandi sætisgerðir
7. Dráttarvél afhent til gerðarviðurkenningar þann
8. Tækniþjónustan sem sér um að kanna samræmi fyrir EBE-gerðarviðurkenningu
9. Dagsetning skýrslu sem þjónustan gaf út
10. Númer skýrslu sem þjónustan gaf út
11. EBE-gerðarviðurkenning er veitt/synjað er um EBE-gerðarviðurkenningu að því er snertir ökumannssæti ⁽²⁾
12. Útvíkkun EBE-gerðarviðurkenningar er veitt/synjað er um útvíkkun EBE-gerðarviðurkenningar að því er snertir ökumannssæti ⁽²⁾
13. Staður
14. Dagsetning
15. Undirskrift

⁽¹⁾ Taka skal fram hvort útvíkkunin á upphaflegu EBE-gerðarviðurkenningunni er sú fyrsta, önnur, o.s.frv. eftir því sem við á.

⁽²⁾ Strikið yfir það sem á ekki við.